



## Umhverfisnefndarfundur 22. september 2017

Mættir: SIRRÝ, Haukur, Alla, Oliwia, Gunnlaugur, Tina, Magnús Veigar, Elín Victoría, Ragna Margrét, Agnes DÍA, Guðrún Renata, Hjörvar Ingi og Þróstur Óli (Irma Ósk og Kristófer voru í fríi og Harpa veik).

- Fundur var settur
- Börnin fengu upplýsingar um það að þau væru nýja umhverfisnefndin og var hlutverk umhverfisnefndar rætt.
- SIRRÝ hengdi Grænfánann upp á vegg og spurði nefndina hvað þetta væri?
  - Börnin voru fljót að svara þessu og sögðu þetta vera Grænfánann.
  - Þau voru þá spurð að því af hverju við eigum þennan fána?
    - Af því að við erum dugleg að tína rusl
    - Af því að við hugsum svo vel um umhverfið
    - Af því við flokkum.....
      - Allir vel með á nótunum ☺
  - Umræðan barst aftur fljótt að fánum og vildu börnin fá að sjá þjóðfána allra í nefndinni. Haukur fór þá og sótti alla fánana. Talið barst að börnum í öðrum löndum og ákváðum við þá að prófa að fylla út umhverfismat fyrir þemað *Hnatatrænt jafnrétti*.
    - Farið var vel í hverja spurningu og komumst við að því að við viljum læra heilmikið um hnatatrænt jafnrétti og munum við því velja okkur það sem næsta þema.
    - SIRRÝ ætlar að skoða hvort við megum taka þátt í Sólblómaverkefni SOS eða einhverju öðru sambærilegu sem og að setja nýju markmiðin okkar á blað og hengja á Grænfánavegginn okkar.
- Á næsta fundi ætlum við að ræða um umhverfissáttmála Leikhólts, fara yfir markmið vetrarins og finna hugmyndir að verkefnum.
- Fundi slitið